



UMHVERFISSTOFNUN

Ný náttúruverndarlög nr. 60/2013


*Ársfundur Umhverfisstofnunar, náttúruverndarnefnda sveitarfélaga
og forstöðumanna náttúrustofa
Hvalfjarðarsveit, 10. nóvember 2016*

Svava Pétursdóttir, lögfræðingur, svið samþættingar.

René Biasone, teymisstjóri náttúrusvæðateymis.

Hildur Vésteinsdóttir, teymisstjóri friðlýsingateymis.

Yfirlit

1. Markmið og meginreglur náttúruverndarlaga - *Svava Pétursdóttir*
 2. Leyfisveitingar og umsagnir - *Svava Pétursdóttir*
 3. Hlutverk náttúruverndarnefnda, lokanir og heimildir til að bæta aðstöðu til útivistar – *René Biasone*
 4. Náttúruminjaskrá, friðlýsingarflokkar og stjórnunar- og verndaráætlanir – *Hildur Vésteinsdóttir*
- 

Markmið, 1. gr.

- „Lögin eiga að vernda til framtíðar fjölbreytni íslenskrar náttúru, þar á meðal líffræðilega og jarðfræðilega fjölbreytni og fjölbreytni landslags. **Þau eiga að tryggja eftir föngum þróun íslenskrar náttúru á eigin forsendum** og verndun þess sem þar er sérstætt eða sögulegt og einnig stuðla að endurheimt raskaðra vistkerfa og auknu þoli íslenskra vistkerfa gegn náttúruhamförum og hnattrænum umhverfisbreytingum.
- Lögin miða jafnframt að vernd og sjálfbærri nýtingu auðlinda og annarra náttúrugæða.
Lögin eiga að:
 - a. stuðla að samskiptum manns og náttúru þannig að hvorki spillist líf eða land, loft eða lögur,
 - b. auðvelda umgengni og kynni almennings af náttúru landsins og menningarminjum sem henni tengjast og efla þekkingu og fræðslu um náttúruna,
 - c. tryggja rétt almennings til að fara um landið og njóta náttúrunnar og stuðla þannig að almennri útivist í sátt við náttúruna, landsmönnum til heilsubótar og velsældar.“

Verndarmarkmið, 2. og 3. gr.

2. gr. Verndarmarkmið fyrir vistgerðir, vistkerfi og tegundir.


- Stuðla að vernd líffræðilegrar fjölbreytni:
 - Viðhalda fjölbreytni vistkerfa með tegundafjölbreytni og vistfræðilegum ferlum, og tryggja ákjósanlega verndarstöðu einstakra vistkerfa
 - Standa vörð um og efla vistkerfi landsins
 - Varðveita tegundir lífvera og erfðafræðilega fjölbreytni, og tryggja ákjósanlega verndarstöðu þeirra. (ath. gildir ekki fyrir framandi tegundir)

3. gr. Verndarmarkmið fyrir jarðminjar, vatnasvæði, landslag og víðerni.

- Stuðla að vernd jarðfræðilegrar fjölbreytni landsins og fjölbreytni landslags:
- Varðveita heildarmynd af jarðfræðilegum ferlum og fyrirbærum
- Vernda sérstakar/einstakar jarðmyndir á lands- eða heimsvísu,
- Vernda vatnafarsvegi, fossa og stöðuvötn
- **Vernda landslag sem er sérstætt, fágætt eða sérlega verðmætt**
- Standa vörð um óbyggð víðerni

Meginreglur, 6.-12. gr. náttúruverndarlaga

- 6. gr. Almenn aðgæsluskylda
- 7. gr. Meginsjónarmið við ákvarðanatöku
- 8. gr. Vísindalegur grundvöllur ákvarðanatöku
- 9. gr. Varúðarreglan
- 10. gr. Mat á heildarálagi
- 11. gr. Ábyrgð á kostnaði
- 12. gr. Fræðsla



Leyfi innan friðlýstra svæða

- Í gildistíð eldri náttúruverndarlaga, nr. 44/1999, þurfti leyfi Umhverfisstofnunar vegna framkvæmda innan friðlýstra svæða þar sem hætta var á friðlýstum náttúruminum yrði spillt.
- Ekkert slíkt ákvæði í nýjum náttúruverndarlögum. Leyfisskylda metin út frá friðlýsingarskilmálum.
- 38. gr. Athafnir og framkvæmdir sem ganga gegn markmiði friðlýsingar og geta skaðað verndargildi friðlýstra náttúruminna óheimilar nema skv. undanþágu.
- 41. gr. Ráðherra veitir undanþágu frá friðlýsingu að fengnum umsögnum Umhverfisstofnunar, Náttúrufræðistofnunar Íslands og **viðkomandi náttúruverndarnefndar**.



Leyfi utan friðlýstra svæða

- 54. gr. **Starfsemi og framkvæmdir utan friðlýsts svæðis**

- Ef starfsemi eða framkvæmdir utan friðlýsts svæðis, sem leyfisskyldar eru samkvæmt öðrum lögum, geta haft áhrif á verndargildi friðlýsta svæðisins skal taka mið af því við ákvörðun um veitingu leyfis. **Leita skal umsagnar Umhverfisstofnunar áður en leyfi er veitt.** Setja má skilyrði til að koma í veg fyrir skaða af starfseminni eða framkvæmdunum á hinu friðlýsta svæði. Um aðra starfsemi og framkvæmdir gildir aðgæsluskylda skv. 6. gr.



Friðun vistkerfa, vistgerða og tegunda - leyfi

- 56. gr. Til að ná verndarmarkmiðum laganna er ráðherra heimilt að friða tiltekin vistkerfi, vistgerða eða tegunda.
- 57. gr. **Réttaráhrif friðunar vistkerfa, vistgerða og tegunda**
 - Öllum er skylt að sýna sérstaka aðgæslu og forðast að raska svæðum þar sem friðað vistkerfi eða friðaða vistgerð er að finna, skaða friðaðar tegundir eða raska búsvæðum þeirra.
 - Við töku hvers kyns ákvarðana sem áhrif geta haft á friðuð vistkerfi, vistgerðir eða tegundir skulu stjórnvöld sýna sérstaka aðgát svo ekki verði gengið gegn markmiðum friðunarinnar. Áður en tekin er ákvörðun um framkvæmd sem felur í sér röskun friðaðs vistkerfis, friðaðrar vistgerðar eða búsvæðis friðaðrar tegundar, t.d. með veitingu fram-kvæmdaleyfis eða byggingarleyfis, skal **leita umsagnar Náttúrufræði-stofnunar Íslands, Umhverfisstofnunar og viðkomandi náttúruverndarnefndar.**
 - Senda skal Umhverfisstofnun afrit af útgefnu leyfi til framkvæmda sem fela í sér skerðingu á friðuðu vistkerfi eða vistgerð eða búsvæði friðaðrar tegundar.

Sérstök vernd - leyfi

- **61. gr. Sérstök vernd**

- Ákveðin vistkerfi njóta sérstakrar verndar:

- Votlendi

- Sérstæðir eða vistfræðilega mikilvægir birkiskógar og leifar þeirra

- Jarðminjar í samræmi við 3. gr.:

- s.s. eldhaun og gervigígar sem myndast hafa eftir að jökull hvarf af landinu, fossar og nánast umhverfi þeirra að því leyti sem sýn þeirra spillis ekki, hverir og aðrar heitar uppsprettur ásamt lífríki þeim tengdum. (ekki tæmandi talning)

- **Forðast ber að raska vistkerfum og jarðminjum nema brýna nauðsyn beri til.**


- **Skylt að afla framkvæmdaleyfis**, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna framkvæmda sem hafa í för með sér slíka röskun.

- Áður en leyfi er veitt skal leyfisveitandi **leita umsagnar Umhverfis-stofnunar og viðkomandi náttúruverndarnefndar** nema fyrir liggi staðfest skipulag þar sem umsagnir liggja fyrir.

- Við mat á leyfisumsókn skal líta til verndarmarkmiða 2. og 3. gr. laganna.

Leyfi til utanvegaaksturs

- **2. mgr. 31. gr. Leyfi Umhverfisstofnunar til utanvegaaksturs**


- Umhverfisstofnun er heimilt, ef nauðsyn krefur að veita leyfi til að aka vélknúnum ökutækjum utan vega vegna starfa við viðhald skála og neyðarskýla og vegna kvikmyndagerðar, enda sé ekki unnt að vinna viðkomandi störf á annan hátt.
 - Ákvæðið á við bæði innan og utan friðlýstra svæða.
 - Sótt er um leyfi í gegnum þjónustugátt Umhverfisstofnunar.
- 



14. gr. Náttúruverndarnefndir.

2. mgr. **Náttúruverndarnefndir skulu vera sveitarstjórnnum til ráðgjafar um náttúruverndarmál.** Skulu þær stuðla að náttúruvernd hver á sínu svæði, m.a. með **fræðslu** og umfjöllun um **framkvæmdir og starfsemi** sem líklegt er að hafi áhrif á náttúruna, og gera **tillögur** um **úrbætur** til sveitarstjórna og **Umhverfisstofnunar**.

3. mgr. Náttúruverndarnefndir skulu leita aðstoðar og **ráðgjafar Umhverfisstofnunar þegar ástæða er til.** Stofnunin, fulltrúar náttúruverndarnefnda og forstöðumenn náttúrustofa skulu halda a.m.k. einn **sameiginlegan fund á ári.** Náttúruverndarnefndir skulu veita Umhverfisstofnun yfirlit yfir störf sín með **skýrslu í lok hvers árs.**





Viðskiptakerfi ESB

Umsagnir og leyfi

Lög og reglur

Heilbrigðiseftirlit

Hollustuhættir

Sveitarfélög

Landupplýsingar

Landsáætlun um úrgang

Gáttlisti/skipulagsáætlanir

Náttúruverndarnefndir

Ársfundir

Skipulag og framkvæmdir

Fríðlýsingar

Skýrsla náttúruverndarnefnda

Refa- og minkaveiði

Skilti og merkingar

Látlaus skilti

Ffni


Skýrsla náttúruverndarnefnda

Náttúruverndarnefndir hafa lögbundnum hlutverkum að gegna samkvæmt náttúruverndarlögum nr. 60/2013. Samkvæmt lögum skulu nefndirnar veita Umhverfisstofnun yfirlit yfir störf sín með skýrslu í lok hvers árs. Hér að neðan má sjá ítarupplýsingar um þau gögn sem þurfa að liggja fyrir í árslok.

1. **Ástand og framkvæmdir á fríðlýstum svæðum:** Upplýsingar um hvaða svæði eru fríðlýst í sveitarfélaginu, hvort að farið hafi verið í úrbætur, t.d. í öryggismálum eða framkvæmdir á viðkomandi svæðum og tiltaka hverjar þær eru.
2. **Ólöglegar auglýsingar utan þéttbýlis:** Upplýsingar um þær auglýsingar utan þéttbýlis sem kunna að brjóta í bága við 72. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. [Nánar hér \(Smelltu\)](#)
3. **Ólöglegur akstur utan vega og umgengni í óbyggðum:** Upplýsingar um umfang ólöglegs aksturs utan vega í sveitarfélaginu og tillögur um úrbætur. Upplýsingar þar sem umgengni í óbyggðum er ábótavant). [Nánar hér \(Smelltu\)](#)
4. **Almannaréttur og útvist í sveitarfélaginu:** Upplýsingar um stöðu almannaréttar í sveitarfélaginu og hvort að möguleikar til útvistar hafi verið auknir. [Nánar hér \(Smelltu\)](#)
5. **Fræðsla á náttúruverndarsvæðum:** Upplýsingar um hvort og hvaða upplýsingar eru veittar um og á náttúruverndarsvæðum í sveitarfélaginu.
6. **Staða svæða á náttúruminjaskrá:** Upplýsingar um framkvæmdir á svæðum á náttúruminjaskrá og ástand verndargildis svæða á náttúruminjaskrá. [Nánar hér \(smelltu\)](#)
7. **Svæði sem njóta sérstakrar verndar:** Upplýsingar um umfang skerðingar á svæðum sem njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. [Nánar hér \(smelltu\)](#)
8. **Rannsóknir og vöktun:** Upplýsingar um rannsóknir á vöktun á fríðlýstum svæðum.
9. **Framandi ágengar tegundir:** Upplýsingar um þær aðgerðir sem sveitarfélagið hefur gripið til til að sporna við útbreiðslu framánda ágengra tegunda, sér í lagi á fríðlýstum svæðum, svæðum sem njóta sérstakrar verndar skv. 67. gr. náttúruverndarlaga og fyrir ofan 400 m.y.s. [Nánar hér \(smelltu\)](#)
10. **Önnur mál;** sem nefndin vill koma á framfæri.

25. gr. *Takmörkun umferðar í óbyggðum.*

Umhverfisstofnun **getur** í verndarskyni, að fenginni **tillögu** hlutaðeigandi sveitarfélags eða landeiganda eða að eigin frumkvæði, **takmarkað** umferð eða **lokað svæðum í óbyggðum** ef hætta er á **verulegu tjóni** af völdum ágangs á svæði. Slíkar ákvarðanir eru **háðar staðfestingu ráðherra** og skal birta þær með auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda. **Stofnunin skal ávallt hafa samráð** við hlutaðeigandi sveitarfélag, landeiganda og aðra hagsmunaaðila áður en tillaga samkvæmt ákvæði þessu er send til ráðherra. Ákvörðun samkvæmt þessari málsgrein skal **endurmeta árlega**.





25. gr. a. *Takmörkun umferðar vegna ágangs.*

Ef **veruleg hættu er á tjóni** af völdum mikillar umferðar eða vegna sérstaklega viðkvæms ástands náttúru getur Umhverfisstofnun ákveðið að **takmarka umferð eða loka viðkomandi svæði tímabundið fyrir ferðamönnum** að fenginni tillögu hlutaðeigandi sveitarfélags eða landeiganda eða að eigin frumkvæði. **Samráð skal** haft um slíka ákvörðun við hlutaðeigandi sveitarfélag og fulltrúa ferðapjónustu og útivistarfólks sem ætla má að hyggi á ferðir um svæðið. Ef um eignarland er að ræða skal ætíð haft **samráð við eiganda lands eða rétthafa** áður en ákvörðun er tekin. Takmörkunin eða lokunin skal að jafnaði ekki standa lengur en tvær vikur en ef nauðsyn krefur er **heimilt að framlengja** hana, að fenginni staðfestingu ráðherra. Ákvörðun samkvæmt þessari grein skal **birta í dagblöðum og útvarpi og á vefsíðum** Umhverfisstofnunar og Vegagerðarinnar.




30. gr. Heimildir til að bæta aðstöðu til útivistar.

Til **stuðnings við útivist** geta sveitarfélög, Umhverfisstofnun eða einstakar náttúruverndarnefndir gengist fyrir að **halda opnum göngustígum, strandsvæðum** til sjóbaða, **vatsbökkum** og öðrum **stígum og svæðum** sem ástæða er til að halda opnum til að greiða fyrir því að **almennigur fái notið náttúrunnar**; enn fremur sett upp göngubrýr, hlið og göngustiga og afmarkað **tjaldsvæði** og gert annað það er þurfa þykir í þessu skyni. Heimildin nær einnig til þess að **merkja leiðir á óræktuðu landi**, nema svæðum þar sem umferð er takmörkuð skv. 2. málsl. 1. mgr. 18. gr. Þess skal gætt við undirbúning framkvæmda að þær falli sem best að svipmóti lands.

Framkvæmdir samkvæmt þessari grein eru háðar **samþykki eiganda eða rétthafa** lands. Þó er samþykki ekki skilyrði fyrir merkingu leiða á óræktuðu landi en áskilið að **samráð** sé haft við eiganda lands eða rétthafa.

Náttúruminjasrá

- A hluti: skrá yfir friðlýstar náttúruminjar
 - B hluti: framkvæmdaáætlun til næstu fimm ára.
 - C hluti: skrá yfir aðrar náttúruminjar sem ástæða þykir til að friðlýsa.
-
- Tillaga unnin af Náttúrufræðistofnun Íslands
 - Fagrað
 - Ráðherra leggur fram þingsályktunartillögu
 - Ráðgjafanefnd
-
- Opið kynningarferli
 - Gott ferli til að koma að ábendingum um náttúruminjar sem sveitarfélög hafa áhuga á að friðlýsa
- 



Friðlýsingarflokkar

- NáttúruvÉ
- Óbyggð víðerni
- Þjóðgarðar
- Náttúruvætti
- Friðlönd
- Landslagsverndarsvæði



Dimmuborgir

Friðlýsingarflokkar


- Verndarsvæði með sjálfbærri nýtingu náttúruauðlinda
- Fólkvangar
- Verndarflokkur rammaáætlunar
- Heil vatnakerfi
- Vistkerfi, vistgerðir og tegundir
- Steindir og steingervingar
- Bakkagróður



Dyrhólaey



Stjórnunar- og verndaráætlanir

- Þarf að gera fyrir öll friðlýst svæði
 - Á meðal annars að fjalla um
 - Landnýtingu
 - Landvörslu
 - Vöktun
 - Uppbyggingu
 - Fræðslu og miðlun upplýsinga
 - Verndaraðgerðir
 - Aðgengi ferðamanna
 - Heimilt að setja sérstakar reglur um umferð og dvöl
 - Mikil áhersla lögð á samvinnu og samráð
 - Háðar staðfestingu ráðherra
- 

TAKK!



UMHVERFISSTOFNUN

Ný náttúruverndarlög nr. 60/2013

*Ársfundur Umhverfisstofnunar, náttúruverndarnefnda sveitarfélaga
og forstöðumanna náttúrustofa
Hvalfjarðarsveit, 10. nóvember 2016*

Svava Pétursdóttir, lögfræðingur, svið samþættingar.

René Biasone, teymisstjóri náttúrusvæðateymis.

Hildur Vésteinsdóttir, teymisstjóri friðlýsingateymis.